

Ed.

156. Breytingartillögur

[86. mál]

við frv. til laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (GH og HB).

1. Við 3. gr. 6. tl. fellur niður.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Forstöðumenn deilda skipa framkvæmdaráð. Skal það annast daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins.
3. Við 6. gr. Greinin ásamt kaflafyrirsögn fellur niður.
4. Við 12. gr. 3. mgr. fellur niður.
5. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
Byggðasjóður er eign ríkisins og starfar sem hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins og lýtur sérstakri 7 manna stjórn, kjörinni hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum kosningum til Alþingis.
6. Við 32. gr. Við greinina bætist ný mgr.:
Stjórn Byggðasjóðs skal hafa samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum.